



HRUNAMANNAHREPPUR

33. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 2. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 2. FEBRÚAR 2017

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2017, þann 2. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsston, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. KPMG: Stjórnsýsluskoðun 2016.
2. Græna land ehf: Framlenging á samningi um garða- og sláttu þjónustu.
3. Umhverfis og auðlindaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit.
4. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna beiðni um rekstarleyfi fyrir reksturs gististaðar í Auðsholti 2.
5. Ríkiskaup: Ný lög um innkaupareglur fyrir sveitarfélög.
6. Viðauki við landbótaáætlun fyrir Hrunamannafrétt 2016-2025.
7. Minjastofnun Íslands: Skráning menningarminja.
8. Fornleifastofnun: Skráning fornleifa.
9. Kosning í 17. júní nefnd.
10. Kosning ruslamálaráðherra.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

11. Veitustjórn: Fundargerð 16. fundar stjórnar frá 23. janúar s.l.
12. Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð Ungmennaráðs frá 18. janúar s.l.
13. Skólanefnd: Fundargerð 13. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 1. febrúar.
-liggur frammi á fundinum-
14. Skólanefnd: Fundargerð 14. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 1. febrúar.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu:

15. Fundargerð 126. fundar skipulagsnefndar frá 26. janúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 18. janúar s.l.
Mál nr. 19: Birkibraut, deiliskipulagsbreyting.
Mál nr. 20: Smiðjustígur 11a-11c, Flúðum, deiliskipulagsbreyting.
Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Brunavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 12. fundar stjórnar frá 17. janúar s.l.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 252. fundar stjórnar frá 19. janúar s.l.
- c. Fagræð Tónlistarskóla Árnesinga. Fundargerð 179. fundar fagræðs frá 24. janúar s.l.
- d. Starfshópur um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnæssýslu: Fundargerð hópsins frá 16. janúar s.l.

Kynningarmál:

- e. Skipulags og byggingafulltrúi: Tilkynningarskyld framkvæmd vegna Akurgerðis 4.
- f. Framlög jöfnunarsjóðs vegna framhaldsnáms.
- g. Ríkiskaup.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **KPMG: Stjórnsýsluskoðun 2016.**
Oddviti kynnti skýrslu til sveitarstjóra frá KPMG vegna árlegrar stjórnsýsluskoðunar.
2. **Grænna land ehf: Framlenging á samningi um garða- og sláttuþjónustu.**
Oddviti kynnti framlengingu á samningi um garða- og sláttuþjónustu við Grænna land ehf um tvö ár. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samninginn um tvö ár og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
3. **Umhverfis og auðlindaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis og auðlindaráðuneytinu um drög að reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.
4. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna beiðni um rekstarleyfi fyrir reksturs gististaðar í Auðsholti 2.**
Oddviti kynnti beiðni um restrarleyfi fyrir rekstur gististaðar í Auðsholti 2. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirlits og brunavarna. Bjarney víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
5. **Ríkiskaup: Ný lög um innkaupareglur fyrir sveitarfélög.**
Oddviti kynnti ný lög um innkaupareglur.
6. **Viðauki við landbótaáætlun fyrir Hrunamannafrétt 2016-2025.**
Oddviti kynnti viðauka við landbótaáætlun fyrir Hrunamannafrétt 2016-2025 þar sem verið er að bæta við svæði á Melrakkamel. Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.
7. **Minjastofnun Íslands: Skráning menningarminja.**
Oddviti kynnti erindi frá Minjastofnun Íslands um að stofnuninni yrði sendar allar upplýsingar um fornleifaskráningar í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ítreka við Fornleifaskráningu að senda slíkar upplýsingar til Minjastofnunar.
8. **Fornleifastofnun: Skráning fornleifa.**
Oddviti kynnti erindi frá Fornleifastofnun þar sem farið var þess á leit að fornleifaskráningu yrði lokið í sveitarfélaginu á nokkrum árum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við Fornleifastofnun um samning til 5 ára til að ljúka fornleifaskráningu í sveitarfélaginu.
9. **Kosning í 17. júní nefnd.**
Oddviti lagði til að Svava Kristjánsdóttir verði skipuð í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það samþykkt.
10. **Kosning ruslamálaráðherra.**
Oddviti lagði til að Sigmundur Brynjólfsson verði skipaður sem ruslamálaráðherra 2017 og var það samþykkt.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

11. **Veitustjórn: Fundargerð 16. fundar stjórnar frá 23. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar frá 23. janúar s.l. Farið var yfir skýrslu KPMG vegna skattamála og samþykkt að útsendir greiðsluseðlar yrðu framvegis í rafrænu formi nema sérstaklega væri beðið um annað, stækkun á vatnsveitustofni að Gömlu lauginni og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
12. **Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð Ungmennaráðs frá 18. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar Ungmennaráðs Hrunamannahrepps. Þar voru ýmis mál rædd, m.a. fjallað um skipan ráðsins, að opna facebook síðu, ræddar hugmyndir með ball, strætóskýli, fyrirlestur um geðheilbrigðismál, þjónustu við unglinga á framhaldsskólaaldri o.fl. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
13. **Skólanefnd: Fundargerð 13. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 1. febrúar.**
Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólustjóra, rekstur 2016, umbótaáætlun Flúðaskóla vegna ytra mats, vinnu starfshóps skv. bókun vegna kjarasamninga kennara og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og skipar jafnframt sveitarstjóra, formann

skólanefndar og skólustjóra í hóp með þremur kennurum vegna vinnu á umbótaáætlun vegna kjarasamnings kennara. Sveitarstjóra falið að boða til fyrsta fundar.

14. Skólanefnd: Fundargerð 14. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 1. febrúar.

Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar skólanefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu leikskólustjóra, rekstur ársins 2016 og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

15. Fundargerð 126. fundar skipulagsnefndar frá 26. janúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 18. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 126. fundar skipulagsnefndar frá 26. janúar og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 18. janúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 19: Birkibbyggð, deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi fyrir sumarhúsabyggðina í Birkibbyggð úr landi Grafar þar sem óskað er eftir því að ákvæði um bindandi mænisstefnu verði felld út.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að deiliskipulaginu verði breytt til samræmis við umsóknina og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir eigendum lóða innan skipulagssvæðisins.

Mál nr. 20: Smiðjustígur 11a-11c, Flúðum, deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Smiðjustíg á Flúðum þannig að lóðinni Smiðjustígur 11a-11c er breytt þannig að þar verði heimilt að byggja 5 íbúða raðhús.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að um sé að ræða óverulega breytingu og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir eigendum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. janúar s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 12. fundar stjórnar frá 17. janúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 252. fundar stjórnar frá 19. janúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Fagráð Tónlistarskóla Árneseinga. Fundargerð 179. fundar fagráðs frá 24. janúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. Starfshópur um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnassýslu: Fundargerð hópsins frá 16. janúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

e. Skipulags og byggingafulltrúi: Tilkynningarskyld framkvæmd vegna Akurgerðis 4.

Lagt fram til kynningar.

f. Framlög jöfnunarsjóðs vegna framhaldsnáms.

Lagt fram til kynningar.

g. Ríkiskaup.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.16.30.